

Ársfundur Smáhundadeildar

Haldinn í Gamla Vínhúsinu, Hafnarfirði 10. mars 2011.

13 manns mættu, en enginn fulltrúi frá stjórn HRFÍ mætti að þessu sinni. Kaffi var í boði deildarinnar.

Sigríður Margrét Jónsdóttir las skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir fjárhagsstöðu deildarinnar, en safnast hafa 138.250 krónur fyrir sýningaþjálfun síðustu ára.

Stjórnarkjör

Tvö sæti í stjórn voru laus. Gaf Sigríður Margrét Jónsdóttir kost á sér til áframhaldandi starfa og var sjálfkjörin. Þórdís B. Björgvinsdóttir gaf ekki kost á sér og þar sem engin framboð bárust, mun fjögurra manna stjórn starfa út næsta starfsár.

Starfsemi

Fram kom að samtals eru 762 hundar skráðir í deildina, en tengiliðir þurfa að kanna, hver með sína tegund, hver staða hundanna er, t.d. hvort þeir eru allir enn á lífi.

Dagskrá ársins var kynnt og dreift til fudarmanna ásamt ársskýrslu.

Mikil ánægja er með þá ákvörðun stjórnar deildarinnar að fá til landsins hinn virta bandaríska dómara, Pat Hastings, sem jafnframt er höfundur DVD-disks og bókarinnar Puppy Puzzle. Hún verður með helgarnámskeið fyrir deildina 17. og 18. september 2011. Klara Hafsteinsdóttir tekur að sér að kanna hvort félagsheimili Andvara á Kjóavöllum er laust fyrir námskeiðið.

Fundargestir lýstu líka ánægju með tvöfalda sýningu sem haldin verður 16. og 17. apríl 2011 í samvinnu við fjórar aðrar deildir, enda dómarnir ekki af verri endanum, Henrik Johansson frá Svíþjóð og norski dómarninn Arne Foss.

Heilsufarsskoðanir

Fram kom hjá eiganendum japaskra chin-hunda að áhugi væri á að breyta reglum um heilsufarsskoðanir í samræmi við þær sem gilda fyrir King Charles spaniel. Brynja Tomer ræðir málið við tengilið tegundarinnar.

Vakin var athygli á augnskoðun og mjög áhugaverðum fyrirlestri um augnsjúkdóma. Voru menn minntir á skráningafrest sem rennur út 18. mars næstkomandi.

Stefnumótunardagur HRFÍ

Rætt var um stefnumótunardag HRFÍ sem haldinn verður 2 apríl næstkomandi og voru menn sammála um að þar gæfist gott tækifæri á að hafa áhrif á stefnu og starfsemi félagsins. Hver deild getur sent þrjá fulltrúa og lagði Ásta María Karlsdóttir til að þeir yrðu ekki allir úr stjórn deildarinnar. Var vel tekið í þá hugmynd, en tveir fundargesta gáfu kost á sér. Ákveðið að auglýsa eftir áhugasömu fólki á heimasíðu og senda tengiliðum tilkynningu sem þeir geta komið áfram til síns fólks. Brynja Tomer tekur það að sér.

Sýningar og starfsfólk

Fyrir lá bréf frá framkvæmdanefnd sýninga um breytingar á skipulagi við sýningar. Í bréfinu kom fram sú hugmynd að hver deild útvegi einn starfsmann fyrir hverja sýningu, í stað margra á tveggja ára fresti. Nokkuð skiptar skoðanir eru á þeirri hugmynd.

Jafnframt kom fram í bréfinu sú hugmynd að deildir fengju afnot af eignum félagsins fyrir deildasýningar og að einhver úr viðkomandi deild legði fram greiðslukort sitt sem pant. Ef skemmdir yrðu á hlutunum, yrði kostnaður þess vegna dregin af greiðslukorti viðkomandi. Lagðist þessi hugmynd illa í menn og var vakin athygli á því að deildasýningar skila félaginu að jafnaði mjög miklum tekjum, sem vel má líta á sem ábyrgð/pant fyrir þeim eignum félagsins sem fengnar eru að láni og kunna að laskast.

Samþykkt var samhljóða eftirfarandi ályktun:

„Ársfundur Smáhundadeildar 2011 lýsir því yfir að hann telur eðlilegt að deildir félagsins fái afnot af munum félagsins fyrir deildarsýningar, án þess að fyrir liggja persónulegar fjárhagslegar ábyrgðir.“

Greint var frá því að áhugi væri á að setja upp póstlista deildarinnar, þannig að þeir sem áhuga hafa, geti fengið fréttir og tilkynningar í tölvupósti. Var mönnum

bent á að senda tölvupóst á netfang stjórnarinnar smahundadeild@gmail.com og skrá sig á póstlista.

Tengiliðir

Nokkrar tegundir vantar tengilið, m.a. Bichon Frise og óskaði Þórdís B.

Björgvinsdóttir eftir því að taka að sér tengiliðastörf fyrir tegundina. Var það samþykkt, þótt hún eigi ekki hund af þeirri tegund og fékk hún afhent öll gögn tegundarinnar í framhaldi af fundinum.

Fundi slitið um kl. 22.